

BORGARRÁÐ 11. júní 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins hönnunarkerfi fyrir stafrænar vörur - R20060063

Fyrirspurnir í tengslum við liðinn um Hönnunarkerfi fyrir stafrænar vörur. Kynnt er hönnunarkerfi fyrir stafrænar vörur. Talað er um formheim, teikningar, raddtónn. Fulltrúi Flokks fólksins skilur ekki alveg hvernig þetta kerfi virkar, notagildi, tilgangur, skemmtanagildi? Hér koma nokkrar spurningar sem vonandi varpa frekara ljósi á þetta. Talað er um samræmingu, að verið sé að samræma upplýsingar? Hvað er átt við og óskað er eftir dæmum í máli og myndum. Hvað fá borgarbúar út úr þessu? Myndi þetta teljast til forgangsverkefna og ef svo er, að hvaða leyti? Hver er kostnaður við þessa hönnun?